

## Ræða

Bæjarstjóri, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir gestir. Ég heiti Helgi Rafn og ég kem sem fulltrúi Grundaskóla. Þann 8 nóvember síðastliðin fór ég á málþing í Arnardal sem er haldið árlega fyrir 7-10 bekk. Þar voru mörg mál rædd innan hópa og stóðu þar nokkur mál upp úr sem ég ætla að koma á framfæri. Þar á meðal má nefna gott starfsfólk í báðum skólum, fá fleiri hjólagrindur í báðum skólum, fleiri skólaferðalög, fleiri skyndibitastaði, reiðhöll og lengri opnunartíma í höllinni um helgar.

En málin sem ég ætla að fjalla um eru önnur og þar á meðal er plássleysið í Grundaskóla. Fyrir um þremur árum eða árið þegar minn árgangur kom upp í unglingadeildina var ákveðið að gryfjan sem var helsti staðurinn þar sem unglingar héngu í frímínútum, var breytt í skólastofu af plássleysis ástæðum. Síðan þá hafa nemendaráð síðustu þriggja ára átt í miklum erfiðleikum með að finna stað fyrir afþreyingu í frímínútum. Þar sem símabann í frímínútum gildir var mikið talað um afþreyingu í frímínútum á málþinginu og eru nemendur að kvarta yfir þessu. Nemendaráðið hefur reddað salnum sem afþreyingu í frímínútum en það eru margir viðburðir í Grundaskóla og er salurinn oftast ekki upptekinn og fáum við aðeins not af honum í nestisfrímínútum. Við viljum biðja ykkur um að skoða allar hliðar á þessu máli sem fyrst og hafa okkur unga fólkið með í því samtali.

Við viljum líka hrósa skólunum okkar fyrir marga góða hluti eins og til dæmis hefur aukist að hafa fjölbreytta fyrirlestra, örðuvísi fræðslu og fjölbreyttara nám.

Nú ætla ég að koma á framfæri málum sem varða nágretta okkar í Hvalfjarðarsveit. Þetta mál kemur auðvitað að miklum hluta til sveitastjórnar Hvalfjarðarsveitar. En ef þetta á að verða að veruleika verða sveitafélögin að komast að samkomulagi. Það hefur verið lengi á máli hjá unglingum Heiðarskóla að fá samstarf milli félagsmiðstöðva hjá nálægum sveitarfélögum. Þar sem krakkar úr Hvalfjarðarsveit stunda mikið félags- og tólmstunda starf á Akranesi er tilvalið að unglingar í unglingadeild Heiðarskóla fái formlegan aðgang að félagsmiðstöðinni Arnardal. Þetta er líka tilvalið því flest allir krakkar sem útskrifast úr Heiðarskóla fara í Fjölbrotarskóla Vesturlands (FVA) og er miklu skemmtilegra að vera búin að kynnast áður en maður fer í fjölbraut

En að því sögðu vil ég hrósa félagsmiðstöðinni Arnardal fyrir frábært starf. Það er frábært að það sé verið að fjölga og endurnýja hluti og er það enn þá stórkostlega að félagsmiðstöðinn Arnardalur er ein af fremstu og flottustu félagsmiðstöðvum á landinu.

Ég vil líka hrósa bænum fyrir góðar og flottar götuframkvæmdir á neðri skaga. En vil ég minna á að Garðagrundin er orðinn svolítið lúin. Það hefur verið lélegt undirlag og er gatan orðinn sprungin og óslétt og leiðinlegt að keyra á henni. Ég vona að hún sé framarlega í forgangsröðuninni hjá bæjarstjórninni í götumálum og hún verði löguð sem fyrst.

Að lokum þá vil ég hrósa bænum fyrir frábæru pottana við Langasand (Guðlaug) og alla afþreyingu þar. En það kom góð ábending á málþinginu, að það væri gaman ef það væru fleiri leiktæki við Langasand eða jafnvel leikvöllur. En þá vil ég þakka fyrir mig og vil ég biðja ykkur um að hlusta á okkur unga fólkið.